

Fundargerð

Fundur stjórnar Siðfræðistofnunar, þriðjudaginn 2. september 2008, kl. 12:15 í fundarherbergi Norræna hússins.

Mætt voru: Ástríður Stefánsdóttir, Haraldur Briem, Irma Sjöfn Óskarsdóttir, Sólveig Anna Bóasdóttir, Vilhjálmur Árnason og Salvör Nordal.

1. Fundargerð síðasta fundar lögð fram og samþykkt.
2. *Stjórnskipuleg staða stofnunarinnar.* Stjórnarformaður og forstöðumaður skýrðu frá afdrifum ályktunar stjórnar Siðfræðistofnunar í desember s.l. Afgreiðslunni var frestað í Háskólaráði eða eins og segir í fundargerð þess: „frestað þar til hlutverk og skipulag stofnana verður endurskoðað“. Þetta var gert að tillögu varamanns Hugvísinda- og guðfræðideildar í Háskólaráði má segja að nokkurs misskilnings hafi gætt hjá honum. Stjórnin ræddi þessa stöðu og benti stjórnarformaður á að hún gæti opnað nýja möguleika þegar stjórnskipulag Háskólans og einstakra sviða er mótað frekar.
3. *Afmælisár Siðfræðistofnunar.* Lögð fram dagskrá fyrirlestraraðar undir heitinu *Siðfræði í samfélagi* sem haldin verður í tilefni afmælisárs Siðfræðistofnunar. Fyrirlestrarnir verða í fyrirlestrasal Þjóðarbókhöðunnar.
4. *Verkefni, umsóknir, fundir.* 1) Sagt frá umsókn sem Siðfræðistofnun stóð að og send var í 7. rammaáætlun Evrópusambandsins í mars s.l. umsóknin komst í gegnum fyrsta þrep en ekki hefur endanlegt svar borist um afdrif hennar.
2) Siðfræðistofnun stóð að framhaldsnemanámskeiði um siðfræði í rannsóknum á heilbrigðissviði í Tartu í lok ágúst. Þrír meistaranemar héðan sóttu námskeiðið og ráðstefnu ESMPH sem var haldin í Tartu dagana á undan.
3) Rannís rannsóknin fékk styrk fyrir þriðja ár og heldur því áfram. Niðurstöður hluta verkefnisins voru kynntar á umræðufundi um umhverfi vísindarannsókna sem haldinn var 29. ágúst s.l. Sá fundur tókst afar vel og var þar einróma samþykkt eftirfarandi ályktun sem kynnt var stjórnarmönnum:
Umræðufundur á vegum Siðfræðistofnunar Háskóla Íslands þann 29. ágúst 2008 skorar á heilbrigðisráðherra að skipa sem fyrst starfshóp sem vinna skuli drög að frumvarpi um ný lög um vísindarannsóknir á heilbrigðissviði á Íslandi.
- 4) Verkefnið gildismat og velferð barna heldur áfram og er áætlaður fundur í Skálholti 21. – 22. nóvember n.k. og útgáfa á greinasafni í lok ársins.
5. Almenn umræða um stöðu stofnunarinnar, fjárhag og möguleika til að komast á fastari grunn.

Fundi slitið kl. 13:20

S.N.